



Reglugerð um Skíðamót Íslands

1. Skíðamót Íslands skal fara fram ár hvert nema veður og aðrar ástæður hamli.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn til SKÍ fyrir 15.apríl. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins og aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Skíðamót Íslands skal ákveðinn á Skíðapingi tvö ár fram í tímann. Stjórn SKÍ skal hitta mótshaldara haustið fyrir mót, eigi síðar en 1.október. Fara skal yfir undirbúning, dagskrá og umgjörð.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið með lágmarks tveggja mánaða fyrirvara. Að öðru leyti skal fara eftir reglugerð um keppnishald SKÍ.
4. Eftirlitsmenn skulu vera skv. reglugerð um eftirlitsmenn og dómara.
5. Í leikskrá og skýrslum mótsins skal tilgreina aðildarfélag sem keppandi keppir fyrir. Til þess að keppni geti farið fram þarf lágmarkspátttaka að vera a.m.k. þrír keppendur í viðkomandi keppnisgrein, eða þrjár sveitir í liðspretti. Stjórn SKÍ er heimilt að gefa undanþágu frá reglunni.
6. Innheimt eru mótagjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráslista.
7. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

Alpagreinar

	Karlar og konur	Karlar og konur	Karlar og konur
Svig	16-17 ára	18-20 ára	16 ára og eldri
Stórsvig	16-17 ára	18-20 ára	16 ára og eldri
Alpatvíkeppni	16-17 ára	18-20 ára	16 ára og eldri
Samhliðasvig			16 ára og eldri



Skíðaganga

Konur

Vegalengd	17-18 ára	19-20 ára	17 ára og eldri
5 km	H-F	H-F	H-F
10 km	H-F	H-F	H-F
1-1,5 km*			Liðaspöttur
500-1500 m			Spöttganga
	Tvíkeppni	Tvíkeppni	Tvíkeppni

Karlar

Vegalengd	17-18 ára	19-20 ára	17 ára og eldri
10 km	H-F	H-F	H-F
15 km	H-F	H-F	H-F
1-1,5 km*			Liðaspöttur
500-1500 m			Spöttganga
	Tvíkeppni	Tvíkeppni	Tvíkeppni

*: Tveir keppendur saman í liði og hvor fer þrjú spötti.

Keppa skal til skiptis í skíðagöngu með hefðbundinni og frjálstri aðferð

	Spöttganga	5 km kvk 10 km kk	10 km kvk 15 km kk	Liðaspöttur
2019	Hefðbundin	Frjálst	Hefðbundin	Frjálst
2020	Frjálst	Hefðbundin	Frjálst	Hefðbundin
2021	Hefðbundin	Frjálst	Hefðbundin	Frjálst

Önnur gangan á Skíðamóti Íslands verði ræst út með hópstarti.

- Á Skíðamóti Íslands verði krýndir íslandsmeistarar í öllum flokkum sem listaðir eru upp í grein nr. 7. Veita skal verðlaun fyrir þrjú efstu sætin og skal veita bikar fyrir 1.sætið. Á mótum sem eru alþjóðleg FIS mót skal veita verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í FIS mótinu.
- Að öðru leyti gilda reglur FIS.

Samþykkt á Haustfundi 6.okt 2018